

Fundargerð

Árið 2023, föstudaginn 1. september kl. 10:00, kom ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga saman til fundar í innviðaráðuneytinu að Sölvhólsgötu 7.

Fundinn sátu: Guðmundur Baldvin Guðmundsson formaður, nefndarmennirnir Ásta Stefánsdóttir, Dan Jens Brynjarsson, Friðjón Einarsson, Hrund Pétursdóttir, Hörður Hilmarsson og Theódóra S. Þorsteinsdóttir ásamt starfsmönnum Jöfnunarsjóðs þeim Guðna Geir Einarssyni, Árna Sverri Hafsteinsyni, Gústav Aron Gústavssyni, og Sigrúnu Dögg Kvaran, sem ritaði fundargerð.

Gestir undir 8. lið voru frá Styrktarfélagi lamaðra og fatlaðra Hörður Sigurðsson formaður stjórnar, Bergljót Borg, Bryndís Snæbjörnsdóttir og Vilmundur Gíslason.

Gestur undir 3. lið var Aðalsteinn Þorsteinsson, skrifstofustjóri á skrifstofu sveitarfélaga og byggðamála í innviðaráðuneytinu.

Formaður setti fundinn og gengið var til dagskrár.

1. Fundargerð síðasta fundar

Lögð var fram til samþykktar fundargerð ráðgjafarnefndar frá 30. júní 2023.

Fundargerð frá 30. júní 2023 var samþykkt án athugasemda.

2. Jöfnun vegna lækkaðra fasteignaskattstekna

Áætluð framlög 2024

Lögð var fram til kynningar og afgreiðslu minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dagsett 29. ágúst 2023, ásamt tillögu að úthlutun framlagsins. Áætlun um úthlutun framlaganna er byggð á áætluðu fjármagni til ráðstöfunar á árinu 2024 að fjárhæð 7.333 m.kr., sbr. áætlun um tekjur ríkissjóðs á árinu 2024.

Að umfjöllun lokinni samþykkti ráðgjafarnefndin að gera tillögu til ráðherra um að til úthlutunar kæmi framlag að fjárhæð 7.333 m.kr. á árinu 2024 til jöfnunar á tekjutapi vegna fasteignaskatts.

3. Framlög vegna sérstakra verkefna – 11. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga

Erindi frá innviðaráðuneytinu

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi frá innviðaráðuneytinu, dags. 9. ágúst 2023, þar sem sótt er um framlag í Jöfnunarsjóð á grundvelli f-liðar 11. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995. Í umsókninni er lagt til að sjóðurinn leggi til allt að 30 m.kr. árlega til að tryggja framgang vinnu við endurskoðun á stefnumótandi áætlun ríkisins í málefnum sveitarfélaga ásamt aðgerðaáætlun til fimm ára. Gestur fundarins, Aðalsteinn Þorsteinsson skrifstofustjóri, upplýsti nefndarfólk um stöðu mála og að ráðherra hafi lagt fram drög að stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga.

Samkvæmt áætlun er ráðstöfun fjármunanna með eftirfarandi hætti:

1. Vinna verkefnastjóra – 15 m.kr. árlega
2. Vinna utanaðkomandi verkefnastjóra vegna einstakra aðgerða innan stefnumótandi áætlunar – 5 m.kr.
3. Vinna starfshóps – 2.5 m.kr.
4. Könnun á viðhorfi íbúa til þjónustu sveitarfélaga – 5 m.kr.
5. Upplýsingaöflun vegna aðgerða – 2,5 m.kr.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að samþykkja 30 m.kr. framlag árlega til fimm ára.

4. Tekjujöfnunarframlög 2023

Áætluð framlög

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu tillaga að áætlaðri úthlutun tekjujöfnunarframlaga 2023 ásamt þar að lútandi minnisblaði, dags. 28. ágúst 2023.

Framlögum er ætlað að jafna tekjur sambærilegra sveitarfélaga á grundvelli hámarks-tekjumöguleika þeirra. Sambærileg sveitarfélög eru talin vera skv. reglum:

- a. Sveitarfélög með 70.000 íbúa eða fleiri
- b. Sveitarfélög með 12.000-69.999 íbúa
- c. Sveitarfélög með 300-11.999 íbúa
- d. Sveitarfélög með undir 300 íbúa

Við útreikning framlaganna er tekið mið af íbúafjölda sveitarfélaga 1. janúar 2023, hámarksálagningu útsvars að frádreginni hlutdeild Jöfnunarsjóðs í útsvarsstofni, hámarksálagningu fasteignaskatts á grundvelli fasteignamats og úthlutun framlags til sveitarfélaga vegna jöfnunar á tekjutapi í kjölfar breytinga á álagningarstofni fasteignaskatts.

Þá eru tekjur sveitarfélaga af meiri háttar fasteignaskattsálagningu og framleiðslugjöldum teknar með í útreikningi á meðaltekjum viðkomandi sveitarfélaga en ekki viðmiðunartekjum í útreikningi viðmiðunartekna í viðkomandi flokki. Jafnframt er sveitarfélögum þar sem tekjur eða íbúafjöldi hafa veruleg áhrif á niðurstöðu innan viðmiðunarflokks sleppt við útreikning meðaltals. Einnig eru sveitarfélög með færri en 300 íbúa borin saman við meðaltekjur í flokki sveitarfélaga með 300–11.999 íbúa enda búi a.m.k. 2/3 hlutar íbúa sveitarfélags í þéttbýli.

Einungis kemur til úthlutunar og greiðslu framlags hafi sveitarfélag fullnýtt heimild sína til álagningar útsvars.

Að teknu tilliti til ráðstöfunarfjármagns sjóðsins eru framlögin aðlöguð að fjármagni til ráðstöfunar með hlutfallsreikningi og áætlað að tekjujöfnunarframlag nemi 1.400 m.kr. Gert er ráð fyrir að ¾ hlutar framlagsins komi til greiðslu í september en fjórðungur þess komi til greiðslu í árslok á grundvelli leiðréttrar skrár um álagðar skatttekjur sveitarfélaga.

Að lokinni umfjöllum ákvað nefndin að samþykka að gera tillögu til ráðherra um úthlutun áætlaðra tekjujöfnunarframlaga að fjárhæð 1.400 m.kr. á árinu 2023 og að 1.050 m.kr. komi til greiðslu fyrir 1. nóvember.

5. Útgjaldajöfnunarframlög 2023

Enduráætlun framlaga

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu tillaga að áætlaðri úthlutun útgjaldajöfnunarframlaga árið 2023 ásamt þar að lútandi minnisblaði, dagsett 28. ágúst 2023.

Útgjaldajöfnunarframlög eru nú enduráætluð á grundvelli þess að hámarkstekjur sveitarfélaga hafa verið uppfærðar. Það er að segja að tekjuskerðing við útreikning framlagsins hefur verið uppfærð. Miðað er við sömu forsendur og við útreikninga tekjujöfnunarframlaga fyrir árið 2023. Þegar endanlegt tekjujöfnunarframlag 2023 liggur fyrir í lok árs verður í kjölfarið útgjalda-jöfnunarframlagið enduráætlað á grundvelli þess.

Samkvæmt áætluninni er lagt til að úthlutað verði 12.200 m.kr. samkvæmt A-hluta og 575 m.kr. í B-hluta. Í lok árs verður svo úthlutað 175 m.kr. í B-hluta vegna íþyngjandi kostnaðar við skólaakstur á árinu 2023 og 50 m.kr. vegna akstursþjónustu fatlaðs fólks úr dreifbýli á árinu 2023. Samtals eru því útgjaldajöfnunarframlög 13.000 m.kr. á árinu 2023.

Nefndin samþykkti tillögu um enduráætluð útgjaldajöfnunarframlög 2023 á grundvelli nýrrar tekjuskurðingar.

YFIRFÆRSLA GRUNNSKÓLA

6. Framlög vegna ÍSAT

Lagt var fram til kynningar yfirlit þar sem fram kemur hvert ÍSAT framlag hafi verið á barn frá árinu 2015 og hvað það væri í dag samkvæmt útreikningum þar sem framlagið er núvirt.

Fram kom að umræðunni verði haldið áfram við áætlun framlaga fyrir árið 2024.

FRAMLÖG VEGNA YFIRFÆRSLU Á MÁLAFLOKKI FATLAÐS FÓLKS

7. Breytingar á regluverki

Almenn framlög vegna fatlaðs fólks

Afgreiðslu málsins frestað til næsta fundar.

8. Framlög til Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra v. Reykjadal

Framlög ársins 2023

Fulltrúar frá Styrktarfélagi lamaðra og fatlaðra kynntu starfsemi Reykjadal og fram kom að starfsemin er rekin með miklum halla og að viðbótarfjármagn vanti til rekstrar. Óskuðu fulltrúar SLF eftir framlagi úr Jöfnunarsjóði svo unnt verði að reka starfsemina áfram með óbreyttum hætti. Fram kom í máli þeirra að rekstrarkostnaður hefur aukist verulega á liðnum árum sem rekja má til styttingar vinnuvikunnar sem og kjarasamningshækkana, verðbólgu og ýmis kostnaðar. Þá lögðu þau áherslu á mikilvægi rekstrarins en um 220 börn úr 25 sveitarfélögum eru að nýta sér úrræði í Reykjadal.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að fresta afgreiðslu málsins og fela starfsmönnum að ræða við forsvarsmenn Reykjadal og athuga með að framkvæmd verði rekstrarúttekt á starfseminni.

9. Römpum upp Ísland

Framlag ársins 2023

Farið var yfir tilurð verkefnisins en á árinu 2022 voru samþykktar breytingar á lögum um tekjustofna sveitarfélaga þar sem Fasteignasjóði Jöfnunarsjóðs var heimilt að ráðstafa til verkefnisins samtals 200 m.kr. eða 50 m.kr. á ári árin 2022-2025. Fram kom að borist hafi beiðni um að framlögum úr sjóðnum verði flýtt eða að 75 m.kr. berist í ár og á næsta ári þar sem meira fjármagn vantar til rekstrar þar sem verkefnið er á undan áætlun.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að leggja til við ráðherra að viðbótarframlag að fjárhæð 25 m.kr. verði greitt á þessu ári á grundvelli e. liðar rgl. nr. 280/2021.

10. Frumvarp um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga

Fram kom að frumvarp um heildarendurskoðun á regluverki Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er á þingmálaskrá 154. Löggjafarþings 2023-2024. Frumvarpið gerir ráð fyrir að reglur um starfsemi sjóðsins verði fluttar úr lögum um tekjustofna sveitarfélaga í ný heildarlög. Einnig verður lögð til sú breyting að nokkur af helstu framlögum sjóðsins verða sameinuð í eitt framlag. Hlutverk sjóðsins verði áfram að jafna mismunandi útgjaldaþörf og skatttekjur sveitarfélaga með framlögum úr sjóðnum á grundvelli ákvæða laga, reglugerða og vinnureglna sem settar eru um starfsemi sjóðsins.

11. Ársfundur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 20. september 2023

Dagskrá

Lögð var fram dagskrá ársfundar sjóðsins sem haldinn verður á Hilton Reykjavík Nordica 20. September nk. Fundurinn hefst kl. 16.00 en til fundarins eru boðaðir framkvæmdastjórar sveitarfélaga, landshlutasamtaka og stofnana sveitarfélaganna.

Önnur mál voru ekki tekin fyrir og fundi slitið kl. 13:30.

Guðmundur Baldvin Guðmundsson

Ásta Stefánsdóttir

Hrund Pétursdóttir

Dan Jens Brynjarsson

Hörður Hilmarsson

Friðjón Einarsson

Theódóra S. Þorsteinsdóttir